

að skipta sér nokkuð af því máli. Hefur hún þar með gerzt meðsek gerðarþola um framangreind réttarbrot hans gagnvart gerðarbeiðanda, og verður á engan hátt talið, að henni sé heimilt eðli málsins samkvæmt að misbeita þannig sameignarrétti sínum yfir húseigninni.

Kemst rétturinn því að þeirri niðurstöðu, að leyfa beri framgang gerðarinnar, og þykir rétt, að gerðarþoli og meðalgönguaðilinn greiði in solidum gerðarbeiðanda kr. 450.00 í málskostnað.

Því úrskurðast:

Gerð þessi skal fara fram á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli, Guðmundur H. Þórðarson, Spítalastíg 5, og meðalgönguaðili, Halldóra Björnsdóttir, skála nr. 15 við Háteigsveg, greiði in solidum gerðarbeiðanda, Jóni Ingimarssyni, Spítalastíg 5, kr. 450.00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 14. júní 1946.

Nr. 93/1945. Eigendur og ábúendur Ölvaldsstaða, þeir Gunnar Jónsson, Björn H. Jónsson, Einar Runólfsson og Albert Jónsson

(Hdl. Þórólfur Ólafsson)

gegn

Ólafi Ólafssyni

og

Benjamín Ólafssyni (Hrl. Gunnar Möller).

Úrskurður gerðardóms úr gildi felldur.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdóminn hafa kveðið upp Jón Steingrímsson sýslumaður ásamt samdómendum, Kristjáni Guðmundssyni oddvita og Guðmundi Jónssyni kennara.

Áfrýjendur, sem skotið hafa máli þessu til hæstaréttar með stefnu 1. ágúst 1945, gera þær dómkröfur, aðallega að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim til meðferðar og dómsálagningar af nýju. Til vara gera áfrýjendur þessar kröfur:

1. varakrafa: Að gild séu metin merki þau, er ákveðin voru af gerðardómi þann 30. maí 1940 svo og ákvörðun hinna dómkvöddu matsmanna á þeim merkjum, er fram fór 1. júní 1942.
2. varakrafa: Að úrskurður gerðardómenda verði staðfestur, en landamerkjadómi falið að setja merkin eftir úrskurði gerðardómsins.
3. varakrafa: Að verði úrskurður gerðardómsins ekki talinn gildur, þá verði kveðið á um það, að aðiljar séu bundnir við að leggja málið í gerð samkvæmt samningnum um gerðardóm.

Þá krefjast áfrýjendur og, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða þeim málskostnað bæði í héraði og hæstarétti samkvæmt mati dómsins.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi áfrýjanda in solidum eftir mati hæstaréttar.

Telja verður, að mál um gildi gerðardóms þess, er hér greinir, sæti meðferð samkvæmt III. kafla laga nr. 41/1919. En þar sem nefndir hafa verið samdómendur, þykir ákvæðum þess kafla eftir atvikum fullnægt.

Hér fyrir dómi hefur verið lagður fram kaupsamningur frá 18. maí 1935, þar sem Jón Björnsson frá Svarfhóli selur Ólafi Ólafssyni, Lækjarkoti, svonefndar Lækjarkotsleigur, en ekkert er talið þinglesið um eignarrétt að þeim. Þá liggur og fyrir vottorð sýslumanns Mýra- og Borgarfjarðarsýslu þess efnis, að í máli um merki Bóndhóls og Lækjarkotsleigna, sem dæmt var í héraði 20. júní 1935, hafi Ólafi Ólafssyni verið einum stefnt og hann komið einn fram sem fyrirsvarsmaður Lækjarkotsleigna. Hreppstjóri Borgarhrepps hefur og skýrt frá atriðum, er benda til þess, að Lækjarkotsleigur hafi árin 1935—1941 fylgt Lækjarkoti. Enn hafa og tvö vitni, hvort í sínu lagi, eftir stefnda Benjamín og eitt vitni eftir stefnda Ólafi ummæli, er þetta styðja. Framkoma Ólafs Ólafssonar, er hann undirritaði gerðardómsamninginn, og hegðun Benjamíns Ólafssonar, sem allar líkur eru til, að vitað hafi um gerðardóminn, verður og ekki skilin á annan hátt en þann, að þeir hafi talið Ólaf Ólafss-

son bæran til að semja um gerðardóminn. Þegar á allt þetta er litið, verður véfenging stefndu á gerðardómssamningnum að teljast markleysa ein.

Í úrskurði sínum 30. maí 1940 ákváðu gerðardómendur, að hin umdeildu merki á veiðisvæði Ölvaldsstaða og Lækjarkotsleigna skuli vera lína, dregin úr austurhorni Lækjarkotsleigna í hásuður. Þar sem vafi lék á um nákvæma legu markalínunnar samkvæmt þessum úrskurði og gerðardómendur höfðu hvorki markað hana á uppdrátt né miðað í kennileiti, þá fengu áfrýjendur tvo menn dómkvadda til að ákveða merkjalínu þessa.

Bæði í héraði og hér fyrir dómi hafa stefndu haldið því fram, að úrskurð gerðardómsins beri að meta ógildan, meðal annars vegna þess, að hann sé ekki nógu nákvæmur, feli ekki í sér þá niðurstöðu, sem gerðardómendur ætluðust til, og samrýmist ekki kröfum aðilja.

Ráða má af skýrslum gerðardómenda, sem fram hafa komið í málinu, að þeir hafi ekki gert sér nægilega glögga grein fyrir því, hvernig lína, dregin úr austurhorni Lækjarkotsleigna í hásuður, liggur og hver mörk hún skapar á þrætusvæðinu. Af þessu leiðir, að stefndu þurfa ekki að hlíta úrskurði gerðardómenda, sem í málinu greinir, en hins vegar hafa ekki verið færð fram nein þau atriði, er hnekki gildi gerðardómssamningsins, og er hann því bindandi fyrir aðilja.

Stefndu hafa í máli þessu gefið rangar skýrslur um kaup á Lækjarkotsleigum. Samkvæmt því og að öðru leyti með hliðsjón af úrslitum málsins ber að dæma þá in solidum til greiðslu málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn samtals 1400 krónur.

Dómsorð:

Merki þau milli veiðisvæða Ölvaldsstaða og Lækjarkots í Borgarhreppi, sem ákveðin voru með úrskurði gerðardóms 30. maí 1940, eru ekki metin gild.

Samningur um gerðardóm milli áfrýjenda, Gunnars Jónssonar, Björns H. Jónssonar, Einars Runólfssonar og

Alberts Jónssonar, annars vegar og stefnda Ólafs Ólafssonar hins vegar er bindandi gagnvart stefndu, Ólafi Ólafssyni og Benjamín Ólafssyni.

Stefndu greiði in solidum áfrýjendum samtals 1400 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Landamerkjadómur Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 28. júlí 1945.

Mál þetta er höfðað samkvæmt beiðni stefnenda í bréfi, dags. 11. maí þ. á., þingfest 15. s. m., áreið gerð og tekið til dóms, að því er snertir aðal-, vara- og þrautavarakröfur stefnenda, í gær.

Tilfni þessa máls er, að ágreiningur hefur verið milli aðilja þess um takmörk veiðiréttinda í Hvítá, er tilheyra jörð stefnenda, Ölvaldsstöðum, og landsspildunni Amtmannsleigum, er stefndu telja sig eiga.

Vorið 1940 varð það að samkomulagi milli stefnenda og Ólafs Ólafssonar að leggja ágreining þenna í gerð þriggja manna, þeirra: Davíðs Þorsteinssonar hreppstjóra á Arnbjargarlæk, Theódórs B. Lindals hrl. í Reykjavík og Einars B. Guðmundssonar hrl. í Reykjavík, og skyldi úrskurður gerðardómsins vera bindandi fyrir báða aðilja, og eigi hægt að áfrýja honum.

Hinn 30. maí 1940 kvað gerðardómurinn upp úrskurð sinn, og var hann á þá leið, „að hin umdeildu merki á veiðisvæði Ölvaldsstaða og Lækjarkotsleigna skuli vera lina dregin úr austurhorni Lækjarkotsleigna í hásuður.“

Var úrskurður gerðardómsins þinglesinn á manntalsþingi Borgarhrepps 26. júlí 1940, og mótmælti þá Benjamín Ólafsson gildi hans, „þar sem hann hafi eigi samþykkt skipun gerðardómsins, en sé eigandi hálfra veiðiréttinda fyrir Lækjarkotsleigum móti Ólafi bróður sínum.“

Hinn 2. jan. 1941 voru þeir Ásgeir Þ. Ólafsson dýralæknir í Borgarnesi og Runólfur Sveinsson skólastjóri á Hvanneyri dómkvaddir af sýslumanni Mýra- og Borgarfjarðarsýslu samkvæmt kröfu stefnenda til þess að ákveða merkalínu milli veiðisvæða Ölvaldsstaða og Lækjarkotsleigna samkvæmt gerðardómi, gengnum 30. maí 1940. Ákváðu þeir 1. júní 1942 línuna þannig: „Línan liggur úr austurhorni Lækjarkotsleigna, austan við Kistuhöfða, á milli Rauðahnjúkafjalls (hæðardepill 782) og ávalrar bungu (hæðardepill 633) að sjá í þústi, sem lægst ber í lægðinni milli nefndra hæðardepla. Mið (varða) hefur verið steypt í klettana vestan Ölvaldsstaða.“

Var ákvörðun hinna dómkvöddu manna þinglesin á manntalsþingi Borgarhrepps 26. júní 1943, og lýsti Ólafur Ólafsson yfir, að hann mótmælti henni sem markleysu, og Benjamín Ólafsson, að hann mótmælti henni.

Þrátt fyrir úrskurð gerðardómsins og ákvörðun hinna dómkvöddu manna hefur Benjamín Ólafsson haft lagnir á veiðisvæði því, sem tilheyrir Ölvaldsstöðum samkvæmt gerðardóminum, og hafa því stefnendur með bréfi, réttarskj. 1, snúið sér til sýslumanns Mýra- og Borgarfjarðarsýslu og óskað þess, að ágreiningsmál þetta verði tekið fyrir sem landamerkjамál.

Eru dómkröfur stefnenda í málinu, sem hér segir:

Aðallega: að merkjadómurinn viðurkenni með dómi sínum merki þau, er ákveðin voru af gerðardómi þann 30. maí 1940, og sömuleiðis ákvörðun hinna dómkvöddu matsmanna á þeim merkjum, sem fram fór 1. júní 1942.

Til vara: að úrskurður gerðardómsmanna verði staðfestur á þann hátt, er í aðalkröfu greinir, en að landamerkjadómurinn setji sjálfur niður merkin samkvæmt honum.

Til þrautavara: að ef gerðardómsúrskurðurinn skyldi af einhverjum ástæðum ekki verða talinn gildur, þá verði slegið föstu, að aðiljar séu bundnir til að leggja málið í gerð samkvæmt samningnum um gerðardóminn.

Loks: ef ekkert af þessum kröfum verður tekið til greina, þá telja stefnendur sig hafa rétt til að gera og gera allar þær kröfur um merki, sem þeir á sínum tíma gerðu fyrir gerðardóminum, því að þó þeir vilji setta sig við gerðardóminn, vegna þess að þeir telja hann bindandi fyrir báða aðilja, þá gengur hann skemmra þeim í hag en hinar upphaflegu kröfur þeirra.

Að síðustu krefjast þeir málskostnaðar.

Dómkröfur stefndu eru, sem hér segir:

„Að merkjalína verði sett á veiðisvæði milli Lækjarkots og Holts annars vegar og Ölvaldsstaða hins vegar með línu, sem tekin er úr austurhorni Lækjarkotsleigna um fjöru, þar sem Beigalda og Ölvaldsstaðamerki enda. Þaðan sé lína dregin beina sjónhendingu á Skessutind.“

Enn fremur krefjast þeir málskostnaðar.

Þá krefst Benjamín Ólafsson þess, að gerðardómurinn frá 30. maí 1940 verði ógiltur, og mótmælir kröfu um nýjan gerðardóm.

Ólafur Ólafsson krefst þess, að gerðardómurinn verði lýstur ógildur.

Í réttarhaldi 5. júní s. l. lögðu málsaðiljar fram tilmæli um, að mál þetta verði, að svo stöddu, sótt og varið einungis, að því er snertir gildi gerðardómsins 30. maí 1940, þ. e. aðalkröfu, varakröfu og þrautavarakröfu stefnenda. Bentu þeir á ákvæði 5. mgr. 71. gr.

laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði til stuðnings þessari beiðni sinni.

Féllst landamerkjadómurinn á, að rétt mundi að verða við þessum tilmælum, þar sem sýnt er, að það getur orðið til vinnusparnaðar, og verður einnig til þess, að málið liggur glegggra fyrir landamerkjadóminum.

Verður því í dómi landamerkjadómsins aðeins fjallað um þann þátt málsins, er að framan greinir og málsaðiljar óska sérstaks úrskurðar um.

Stefndu halda því fram, að óheimilt sé vegna ákvæða 4. tl. 2. gr. laxveiðilaganna nr. 112 frá 1941 að leggja undir úrskurð gerðardóms ágreining um takmörk veiðiréttinda. Telja þeir, að ákvæðið um, að eigi megi skilja veiðirétt við landareign, geri það að verkum, að eigi sé hægt að semja um gerðardómsmeðferð, er geti orðið þess valdandi, að veiðiréttur skiljist frá jörðu.

Landamerkjadómurinn telur, að hér sé eigi um neina eignayfirfærslu á veiðirétti að ræða, heldur um ákvörðun takmarka milli veiðiréttinda, er óglögg voru. Þá skilur og landamerkjadómurinn ákvæði 4. tl. 2. gr. laxveiðilaganna þannig, að þar sé aðeins lagt bann við að skilja veiðirétt frá þeirri landspildu, er helgar veiðiréttinn. Verður því krafa stefndu um ógildingu gerðardómsins af þessari ástæðu eigi tekin til greina.

Þá hafa stefndu mótmælt gildi gerðardómsins af þeirri ástæðu, að eigi hafi undirritað samninginn nema annar þeirra (Ólafur), en landspildan, Lækjarkotsleigur, sé óskipt sameign þeirra bræðra að hálfu hvors.

Skýra þeir svo frá, að síðla sumars árið 1933 hafi þeir keypt Lækjarkotsleigur af Jóni heitnum Björnssyni frá Svarfhóli, kaupmanni í Borgarnesi, og átt að greiða fyrir þær 200 hesta af heyi með jöfnum greiðslum á 8 árum. Eigi segja þeir, að kaupsamningur hafi verið gerður og þeir ekkert afsal fengið fyrir eigninni. Þá segja þeir, að þeir hafi nytjað eignina þannig, að Benjamín hafi stundað laxveiði í net fyrir leigunum, og hafi veiði hans skipzt til helminga milli þeirra. Hins vegar hafi Ólafur slegið leigurnar og hirt hey af þeim, en stundum hafi Benjamín fengið nokkuð af því hjá honum.

Þeir hafa lagt fram útskrift úr hreppskilabók Borgarhrepps (rskj. 16) um framtalið veiðimagn jarðanna Lækjarkots og Holts árið 1933 til 1939, og sýnir hún, að flest árin er talin jöfn laxveiði á báðum jörðunum, þó er eingöngu talin laxveiði í Holti árið 1933, enda upplýst, að það ár stundaði Benjamín laxveiðina með Árna Helgasyni í Borgarnesi, og árið 1939 er laxveiði 40 löxum meiri í Holti en í Lækjarkoti, enda átti Benjamín þá og stundaði laxveiði fyrir landspildum neðan Lækjarkotsleigna, er hann átti með Stefáni Jónssyni bónda á Brennistöðum.

Loks hafa þeir lagt fram á réttarskj. nr. 11, vottorð Sverris Gíslasonar formanns fasteignamatsnefndar Mýrasýslu um, að á jarðlýsingarblöðum fyrir jarðirnar Lækjarkot og Holt frá árinu 1939 sé talið, að hvor jörðin fyrir sig eigi hálfa laxveiði fyrir Amtmannsleigum.

Stefnendur hafa véfengt, að rétt sé frá skýrt hjá stefndu, að Lækjarkotsleigur séu sameign þeirra. Benda þeir á, að Ólafur hafi, er hann undirritaði samninginn um gerðardóminn, á engan hátt getið þess, að annar aðili ætti aðild þess máls með honum. Þá hafi eigi verið annað almennt vitað en Ólafur væri einkaeigandi leiganna, enda hefði Guðmundur Þ. Gíslason á Bóndhól höfðað mál gegn honum út af takmörkum veiðiréttinda milli Bóndhóls og Lækjarkotsleigna, er dæmt var í Hæstarétti 20. jan. 1939, og hafi í því máli eigi komið fram, að um annan varnaraðilja vegna Lækjarkotsleigna væri að ræða en Ólaf. Loks telja þeir, að Benjamín, er muni hafa verið kunnugt um störf gerðardómsins, er gerðardómsmenn gengu á þrætustaðinn, hafi verið skylt að hreyfa þá þegar mótmælum gegn framgangi gerðarinnar, og telja þeir, að afskipti hans af störfum gerðardómsmannanna hafi jafngilt samþykkt hans á samningnum um gerðardóm.

Landamerkjadómurinn verður að líta svo á, að enda þótt stefndu hafi eigi lagt fram skjallegar eignarheimildir fyrir Lækjarkotsleigum þeim til handa, styðji vottorðin á réttarskjölum nr. 11 og 16 frásögn þeirra um, að þeir hafi árið 1933 keypt leigurnar að helmingi hvor af þáverandi eiganda þeirra, Jóni Björnssyni frá Svarfhóli, kaupmanni í Borgarnesi, og lagt þær til jarða sinna, Lækjarkots og Holts, er voru ein jörð, þar til er þeim var skipt árið 1930.

Þótt lítt sé skiljanlegt, hvers vegna Ólafur eigi gat þess, er hann undirritaði samninginn um gerðardóminn, að Benjamín væri með-eigandi hans að Lækjarkotsleigum, getur landamerkjadómurinn eigi fallizt á, að það geti orðið til þess að svipta Benjamín þeim rétti, er hann kynni að hafa til að mótmæla gerðardóminum og telja sig óbundinn af honum.

Einkaaðild Ólafs að landamerkjamálinu milli Guðmundar Þ. Gíslasonar, eiganda Bóndhóls, og hans sem eiganda Lækjarkotsleigna bendir að visu nokkuð í þá átt, að hann hafi, er það mál var rekið fyrir undirrétti og Hæstarétti, verið einkaeigandi Lækjarkotsleigna, en verður þó eigi metin sem full sönnun þess, þar sem þetta mál var sameinað öðru máli, er Benjamín ásamt Stefáni Jónssyni á Brennistöðum var varnaraðili að, og gat því gætt hagsmuna sinna vegna Lækjarkotsleigna í Bóndhólsmálinu, enda er eigi upplýst, að nokkur ágreiningur væri milli bræðranna um tilhögun varna í því máli.

Formleg sannanleg mótmæli Benjamíns gegn gildi gerðardómsins koma að visu eigi fram fyrr en við þinglýsingu hans á mann-

talsþingi Borgarhrepps árið 1940. Hins vegar heldur hann því fram, að hann hafi á tímabilinu frá því gerðardómsmenn gengu á þrætustaðinn og þar til er gerðardómurinn var upp kveðinn, getið þess við tvo gerðardómsmennina Davíð Þorsteinsson og Einar B. Guðmundsson, að hann væri eigandi hálfra Lækjarkotsleigna, og mótmælt gerðinni. Hefur Davíð eigi viljað neita, að svo gæti hafa verið, enda þótt hann muni það eigi fyrir vist; en Einar man, að Benjamín hefur talað um þetta við hann, en eigi, hvort það var áður en gerðardómurinn var upp kveðinn.

Landamerkjadómurinn telur eigi upplýst, að Benjamín Ólafssyni hafi verið vitanlegt um gerðardómssamninginn, fyrr en hann hitti gerðardómsmennina, er þeir skoðuðu þrætustaðinn. Mótmælti hann þá að visu eigi, að gerðardómurinn starfaði, en hóf þar á eftir að koma að mótmælum sínum, meðal annars með því að tilkynna einum eða tveimur gerðardómsmönnum þau. Þegar svo gerðardómurinn var þinglesinn á manntalsþingi Borgarhrepps 26. júlí 1940, lét hann bóka mótmæli sin gegn gildi hans.

Verður landamerkjadómurinn að telja, að hann hafi eigi með þessu atferli sínu sýnt það tómlæti um að koma mótmælum sínum á framfæri, að meta beri sem samþykki hans á samningnum um gerðardóminn.

Samkvæmt framansögðu getur landamerkjadómurinn eigi tekið til greina aðalkröfu stefnenda um, að staðfestur verði úrskurður gerðardóms, er gekk þann 30. maí 1940 og ákvörðun dómkvaddra matsmanna á merkjum milli Ölvaldsstaða og Lækjarkotsleigna, er fram fór 1. júní 1942. Eigi verða heldur teknar til greina vara- og þrautavarakrafa stefnenda.

Landamerkjadómurinn sér eigi að svo stöddu, þar sem gera verður ráð fyrir, að mál þetta verði áfram rekið fyrir réttinum, þar til endanleg niðurstaða um landamerkin er fengin, ástæðu til að ákveða um málkostnað og skiptingu hans vegna þess hluta málsins, er nú er lokið, heldur verði hann ákveðinn og honum skipt við endalok þess.

Því dæmist rétt vera:

Aðalkrafa stefnenda, þeirra Gunnars Jónssonar, Björns H. Jónssonar, Einars Runólfssonar og Alberts Jónssonar, eigenda og ábúenda Ölvaldsstaða, um, að merkjadómurinn viðurkenni með dómi sínum merki þau, er ákveðin voru af gerðardómi þann 30. maí 1940, og sömuleiðis ákvörðun hinna dómkvöddu matsmanna á þeim merkjum, er fram fór 1. júní 1942, verður eigi tekin til greina. Eigi verða heldur teknar til greina varakrafa og þrautavarakrafa stefnenda.